



SIGLINGASTOFNUN

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 132/767*  
*komudagur 7.2.2006*

Alþingi  
Ingvar Þór Sigurðsson  
Við Austurvöll  
105 Reykjavík

Kópavogi, 02.02.2006

Tilv. 023

HJ

**Efni: Frv. til laga um heimild til að staðfesta samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.**

Siglingastofnun vísar til bréfs samgöngunefndar dags. 26. janúar 2006, þar sem ofanefnt frumvarp er sent til umsagnar Siglingastofnunar.

Frumvarp þetta er samið í Siglingastofnun Íslands, en undanfarið hefur verið unnið að því innan stofnunarinnar að þýða síðustu breytingar frá árinu 2001 á alþjóðasiglingareglunum auk þess sem þýðing samningsins í heild sinni hefur verið endurskoðuð. Að þessu verki hafa komið Helgi Jóhannesson, forstöðumaður stjórnslusviðs Siglingastofnunar Íslands, Sverrir Konráðsson, sérfræðingur hjá Siglingastofnun Íslands og löggiltur skjalapýðandi, og Guðjón Ármann Eyjólfsson, fyrrverandi skólameistari Stýrimannaskólans í Reykjavík. Afrakstur þeirrar vinnu er uppfærð þýðing alþjóðareglanna og er birt sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Við nánari skoðun á frumvarpinu hafa komið ljós eftirfarandi villur sem stofnunin telur nauðsynlegt að verði leiðréttar:

bls. 30:

c-stafliður, 1. tölul. III. viðauka orðast svo:

c. *Hljóðstyrkur og langdrægi hljóðmerkis.*


Skipsflauta um borð skal í þá átt sem hljóðstyrkur flautunnar er mestur og í 1 m fjarlægð frá flautunni ná hljóðþrýstingsstigi sem er a.m.k.  $\frac{1}{3}$ úr áttund og innan tíðnimarka 180–700 riða (Hz) ( $\pm 1\%$ ) fyrir skip 20 m að lengd eða lengra eða 180–2.100 riða (Hz) ( $\pm 1\%$ ) fyrir skip styttra en 20 m og hljóðþrýstingsstigi sem er ekki undir þeim gildum sem við eiga og eru í eftirfarandi töflu:

Fyrirsögn töflu í c-staflíð 1. tölul. III. viðauka orðast svo:  
**Lengd skips í metrum**

**Hljóðþrýstingsstig**  
 **$\frac{1}{3}$ úr áttund**  
**í 1 m fjarlægð**  
**í dB talið og vísar til**  
 **$2 \times 10^{-5} \text{ N/m}^2$**

**Langdrægi heyranlegra**  
**hljóðmerkja í sjómílum**

Virðingarfyllst,  
F. h. Siglingastofnun Íslands,

  
Hermann Guðjónsson,  
siglingamálastjóri